

Uppbyggingasamningur um skíðasvæði Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær, kt. 540596- 2639 og Skíðafélag Ísfirðinga (hér eftir „SFÍ“), kt. 590269-2479, gera með sér svofelldan samning uppbyggingu á skíðasvæði Ísafjarðarbæjar í Tungudal til þriggja ára.

1. gr.

Aðilar eru sammála um að SFÍ vinni að framkvæmdum við uppbyggingu á skíðasvæðinu í Tungudal samkvæmt neðangreindri áætlun þessa samnings.

Þau verkefni sem á að fara í á árinu 2017 eru að:

- Vinna í landmótun:
 - Brúun skurða í kvennabrekku og barnalyftu.
 - Grjóthreinsun brauta í Miðfelli, kvennabrekku og barnalyftu
 - Mótun hól milli 7. og 8. stauris í Miðfellslyftu svo hægt sé að taka lyftu þar.
 - Sáð grasi í mótaðar brekkur
- Aðstaða til snjóframleiðslu.
 - Útbúa dælubrunn í Tunguá.
 - Raflagnir að endastöð barnalyftu fyrir snjóbyssu.
 - Fæðidæla að snjóbyssu.
- Lagfæringar á girðingum:
 - Lagfæringar og viðbætur á girðingum í Miðfelli og á barnasvæði.
- Kaup á búnaði:
 - Keppnisnúmer, FIS vottuð
 - Stangir fyrir svig- og stórsvigsbrautir

Þau verkefni sem stefnt er að á árinu 2018 eru:

- Uppsetning töfrateppis.
 - Töfrateppi er barnalyfta þar sem börn standa á færiband og flytjast upp brekku.
- Lagfæringar á girðingum.
 - Lagfæringar og viðbætur á snjógirðingum í Miðfelli og á Barnasvæði.

Þau verkefni sem unninn verða á árinu 2019 eru:

- Vinna við Landmótun:
 - Myndun brauta í kjarr í Sandfelli.
 - Grjóthreinsun og landmótun brauta í Sandfelli og Miðfelli.
 - Sáð grasi í mótaðar brekkur.
- Lagfæringar á girðingum.
 - Lagfæringar og viðbætur á snjógirðingum í Miðfelli og á barnasvæði.

SFÍ áætlar að heildarkostnaður við framkvæmdirnar sé að fjárhæð kr. 27.898.500,-.

2. gr.

SFÍ sjái til þess að allt umhverfi sé ávallt til fyrirmyndar meðan á framkvæmdum stendur og eftir að þeim líkur. SFÍ ber ábyrgð á að afla tilskilinna leyfa fyrir framkvæmdum skv. þessum samningi.

3. gr.

Ísafjarðarbær greiðir sem framlag til framkvæmdanna kr. 4.000.000,- árið 2017 og 3.000.000 hvort ár um sig árin 2018 og 2019. SFÍ skal senda Ísafjarðarbæ tvo reikninga á ári vegna framlagsins. Sá fyrri skal nema 70% fjárhæðar framlagsins og skal greiddur í síðasta lagi 1. maí ár hvert. Sá síðari skal nema 30% fjárhæðar framlagsins, sem greiddur verður eftir úttekt í kjölfar skila á áfangaskýrslu. Áfangaskýrslu skal skilað 1. desember ár hvert og sundurliðuðu yfirliti um kostnað og afriti reikninga. Þegar fulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur staðfest að framlag SFÍ til verkefnisins sé fullnægjandi verður síðari hluti fjárhæðarinnar greiddur.

Ef framkvæmdir skv. 1. gr. samnings þessa hefjast ekki verða þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi vegna samnings þessa afturkræfar. Berist Ísafjarðarbæ ekki tilkynning um verklok, ásamt umbeðnum gögnum, skv. 1. mgr. 3. gr. samnings þessa fellur samningur þessi úr gildi og þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi vegna samnings þessa verða afturkræfar.

4. gr.

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar hefur eftirlit með verkinu og sjá um samskipti fyrir hönd Ísafjarðarbæjar. Brynjar Þór Jónasson, sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs, er í forsvari fyrir sviðið. Sviðstjóri hefur eftirlit með að umgengni sé ásættanleg og að verkefninu sé eðlilega sinnt. Forsvarsmaður SFÍ vegna samnings þessa er Jóhann Bæring Pálmason og ber forsvarsmaður ábyrgð á framkvæmdum við uppbyggingu gagnvart Ísafjarðarbæ.

5. gr.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði. Samningur þessi er í tvíriti og undirritaður í votta viðurvist.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

Ísafirði, _____ 2017

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Skíðafélags Ísfirðinga

Gísli Halldór Halldórsson

Hólmfríður Vala Svavarsdóttir

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun:

Nafn Kennitala

Nafn Kennitala